



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SKOSKA SINFÓNÍAN OG WAGNER

5. APRÍL 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og sendir út í þættinum
Úr tónlistarlífinu á Rás 1, sunnudaginn 7. apríl kl. 16:05.

Söngtextar eru á bls. 11.

Áætluð tímalengd verka:

Siegfried Idyll: 23'00"

Wesendonck ljóðin: 20'00"

Skoska sinfónían: 44'00"

BAKHJARLAR:

VÍS



GAMMA

SKOSKA SINFÓNÍAN OG WAGNER

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 5. APRÍL 2013 » 19:30

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Hanna Dóra Sturludóttir einsöngvari

Richard Wagner

Siegfried Idyll (1869-70)

Richard Wagner

Wesendonck ljóðin (1857-58)

I. Der Engel

II. Stehe still

III. Im Treibhaus

IV. Schmerzen

V. Träume

Hlé

Felix Mendelssohn

Sinfónía nr. 3 í a-moll, op. 56, „Skoska sínfónían” (1842)

I. Andante con moto – Allegro un poco agitato

II. Vivace non troppo

III. Adagio

IV. Allegro vivacissimo – Allegro maestoso assai



ILAN VOLKOV

hljómsveitarstjóri

Ilan Volkov aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands (f. 1976) hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að gegna slíkri stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarháttíðunum og lagði sig fram um að kynna nýja tónlist á meðan hann gegndi stöðunni, meðal annars nýjan sellókonert eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni 2009.

Volkov lét af starfinu í Skotlandi árið 2009 og tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2011. Meðal þeirra hljómsveita sem hann stýrir reglulega eru fílharmóníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov hefur einnig stjórnað fjölda ópera.

Ilan Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut til að mynda Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af tónverkum Benjamins Britten.



HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR

einsöngvari

Hanna Dóra Sturludóttir stundaði sögnám hjá Kristni Sigmundssyni og Snæbjörgu Snæbjarnardóttur við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til framhaldsnáms við Listaháskólann í Berlín, þar sem hún útskrifaðist með láði vorið 1998. Árið 1995 bar hún sigur út bítum í ljóðasöngkeppni Paula Lindberg-Salomon í Berlín og hljóðritaði í framhaldi af því tvo geisladiska með ljóðasöngvum frá 20. öld.

Hanna Dóra hefur komið fram sem gestasöngvari víðsvegar í Þýskalandi, meðal annars í Komische Oper í Berlín og Ríkisóperunni í Hamborg og Berlín. Á árunum 1998-2001 var hún fastráðin við óperuhúsið í Neustrelitz þar sem hún söng mörg helstu sópranhlutverk óperubókmenntanna. Samhliða óperusöngnum hefur Hanna Dóra komið fram á tónleikum um allt Þýskaland og víða í Evrópu og tónleikahald hefur meðal annars borið hana til Katar og Egyptalands.

Á Íslandi hefur hún sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands við mörg tækifæri, haldið fjölda ljóðatónleika, sungið í uppsetningum Íslensku óperunnar á *Töfraflautunni* 2001, *Tökin hert* 2005 og titilllutverk *Ariadne í Naxos* 2007. Einnig hefur Hanna Dóra sungið á Vínartónleikum með Salónhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar og sumarið 2008 var hún einn aðalkennara tónlistarháttíðarinnar Við Djúpið.



RICHARD WAGNER

Siegfried Idyll

Richard Wagner (1813-1883) er eitt af stórmönnum tónlistarsögunnar. Tónlist hans setti ný viðmið og vísaði veginn fram á við. Stórhuga verk Wagners voru slík að umfangi að annað eins hafði aldrei áður sést. Verkin brutu niður múra innan lista-geirans, enda sá Wagner þau ekki fyrir sér bundin við eitthvert eitt form, heldur samþætti hann mörg.

Þó svo að Wagner sé þekktur fyrir óperur eru verk hans annað og meira en óperur í hefðbundnum skilningi. Wagner kallaði verk sín *Gesamtkunstwerk*, sem mætti útleggja sem heildræna list, þar sem allir þættir listaverksins eru jafnmikilvægir og úthugaðir frá þeim er skapar.

Þrátt fyrir óumdeilt mikilvægi Wagners í tónlistarsögulegu til-
liti var hann og er engu að síður umdeildur og skiptast tónlistar-
unnendur oft í tvo hópa þegar kemur að verkum hans. Annar
hópurinn dýrkar og dáiir verk Wagners meðan hinn vill ekkert
með tónlist hans hafa.

Hluti ástæðu þess hversu umdeildur Wagner er og var, er ekki
síst persónan sjálf. Wagner var óvenjulegur um margt, kröfu-
harður, erfiður í skapi, átti í ýmsum illdeilum og átti sér marga
fjandmenn. Hann var skuldugur lengi vel og fjarri því að vera
við eina fjölinu felldur í ástarmálum.

Eins og kunnugt er voru bæði hann og Cosima, dóttir Franz
Liszt, gift er þau tóku að stinga saman nefjum árið 1863. Wagner
var giftur Minnu og Cosima var gift hljómsveitarstjóranum og
píanóleikaranum Hans von Bülow. Formlega lauk hjónabandi
Cosimu og Hans von Bülow ekki fyrr en árið 1870 og giftust
Wagner og Cosima í kjölfar skilnaðarins. Þrátt fyrir það hélt
Bülow áfram að greiða götu verka Wagners. Til dæmis stýrði
hann æfingum á frumflutningi nýrrar óperu Wagners árið
1865, *Tristan og Ísold*, í sömu viku og fyrsta barn þeirra Cosimu
og Wagners fæddist.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt
Siegfried Idyll undir stjórn fjögurra
stjórnenda.

Fyrst árið 1959 undir stjórn Wilhelms
Brückner-Ruggeberg en síðar undir
stjórn Hákonar Leifssonar (1992),
Andrews Massey (1997) og Daníels
Bjarnasonar (2009).

Í dagbókarfærslu eiginkonu Wagners, Cosimu Wagner, dagsettri þann 25. desember 1870, má lesa eftirfarandi; „Ég vaknaði við einhver hljóð sem urðu sífellt hærri. Í smá stund gerði ég mér ekki grein fyrir hvort mig væri að dreyma eða hvort ég væri vöknuð. Ég áttaði mig þó fljótt á að ég væri vakandi þó svo að tónlistin sem ég heyrði gæti verið úr fegurstu draumum, hvílík fegurð. Eftir að tónlistin þagnaði kom R. inn til mín með börnin fimm og rétti mér nótur sem ritað var á „sinfónísk afmæliskveðja“. Augu mín fylltust af gleðitárurum en það var ekki bara ég, við vorum öll hrærð af gleði. R. hafði hóað í hljóðfæraleikara og þeir léku þessa yndislegu tónlist sem R. kallaði *Tribtschen Idyll*...”

Sá sem Cosima vísar til sem R. er vitaskuld eigenmaður hennar, Richard Wagner og börnin eru börn þeirra beggja auk barna Cosimu af fyrra hjónabandi með hljómsveitarstjóranum Hans von Bülow. Tribtschen var hins vegar villa þeirra hjóna við Lucerne vatnið í Sviss.

Siegfried Idyll, eða *Tribtschen Idyll* eins og það hét framan af, var afsprengi hamingjuríks einkalífs og velgengni. Í einkalífínu var allt í blóma og ópera hans *Tristan og Ísold* hafði fengið frábærar viðtökur. Það var sá innblástur sem Wagner þurfti til þess að halda áfram með metnaðarfyllsta verk sitt, *Niflungahringinn*.

Siegfried Idyll er óvanalega tilfinningarík og innileg tónsmíð frá manni sem var kannski ekki alltaf þekkur af gjafmildi eða tilfinningasemi. Verkinu var í upphafi ekki ætlað að koma fyrir augu og eyru almennings en síðar þegar þrengdi að í fjármálum féllst Wagner á að gefa verkið út með breytingum og auknu umfangi undir nafninu *Siegfried Idyll* í stað *Tribtschen Idyll*. Í upprunalegri gerð var stærð hljómsveitarinnar miðuð við stiga-ganginn í Tribtschen villunni en í þeirri gerð sem við þekkjum í dag er fullburða hljómsveit sem leikur.

UM TÓNVERKIÐ

Siegfried Idyll er að mörgu leyti sérstakt verk í verkalista Wagners. Þetta er eina staka hljómsveitarverkið sem er flutt reglulega á tónleikum í dag sem er ekki hluti af stærra samhengi - hluti af óperu. Wagner notaði þó laglínur úr Siegfried Idyll í óperu sína Siegfried en í þriðja þætti þeirrar óperu syngur aðalpersónan „Ewig war ich“ sem fengin er beint úr Siegfried Idyll.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Wesendonck ljóðin hljóma nú í þriðja sinn í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Árið 2007 flutti söngkonan Lilli Paasikivi Wesendonck ljóðin undir stjórn Lawrence Renes og árið 2003 var Magnea Tómasdóttir í hlutverki einsöngvara en Gregor Bühl hélt um tónsprotann.

UM TÓNVERKIÐ

Í útgáfu Wagners er lagaflokkurinn fyrir píanó og kvenrödd en til eru fleiri en ein útgáfa verksins fyrir hljómsveit. Í kvöld er flutt útgáfa fyrir hljómsveit og söngkonu eftir Felix Mottl.

RICHARD WAGNER

Wesendonck ljóðin

Árið 1848 var Wagner nauðbeygður að flýja frá Þýskalandi til Sviss vegna pólitískra skoðana sinna. Hann hafði verið í ágætri stöðu sem hljómsveitarstjóri í Dresden en þátttaka hans í þjóðernissinnuðum stjórnmalahreyfingum gerði það að verkum að hann átti ekki annan kost en að láta sig hverfa um hríð.

Wagner og Minna eiginkona hans héldu til Zürich í Sviss. Nokkrum mánuðum eftir komuna þangað kynntust Wagner hjónin silkikaupmanni og konu hans. Silkikaupmaðurinn var Otto Wesendonck sem hafði ásamt eiginkonu sinni, Mathilde Wesendonck flutt til Zürich frá New York til þess að setjast í helgan stein. Mathilde var ljóðskáld og nokkru yngri en eiginmaðurinn en með þeim hjónum tókst góð vinátta, svo góð að Otto Wesendonck varð einn helsti velgjörðarmaður Wagners.

Vinasamband þeirra hjónanna styrktist og svo fór að Otto Wesendonck bauð Wagner og Minnu konu hans að búa í gestahúsi við villu þeirra. Hvort sem nábýli eða öðru er um að kenna þá upphófst eldheitt ástarsamband á milli Wagners og Mathilde. Ástarsamband þetta bar listrænan ávöxt. Wagner lagði um hríð á hilluna áform um gerð *Niflungahringisins* en lagði þess í stað drög að óperu um forboðnar ástir *Tristans og Ísoldar*. Einnig er afsprengi ástarsambands þeirra ljóðaflokkur sem samanstendur af fimm ljóðum Mathildar sem Wagner færði í tóna.

Ástarsamband þeirra Mathildar og Wagners varð skammvinnt enda virðist Mathilde aldrei hafa ætlað sér að skilja við eiginmann sinn. En á sama tíma er ástarsamband þeirra í raun eilíft sé litið til þeirra áhrifa sem það hafði á tónverk Wagners. Fyrir utan *Wesendonck ljóðin* eru áhrifin óumdeild á *Tristan og Ísold*. Wagner notar tónefni úr *Wesendonck ljóðunum* í óperunni óspart og má þar nefna síðasta ljóðið *Träume* sem birtist sem miðhluti ástardúetts í öðrum þætti *Tristans og Ísoldar* og tónefni úr laginu *Im Treibhaus* nýtir hann við upphaf þriðja þáttar *Tristans og Ísolde*.

FELIX MENDELSSOHN

Sinfónía nr. 3, op. 56, „Skoska sinfónían“



Venjan er að númeruð röð verka endurspeglir tímaröð þeirra, það er að segja þá röð sem þau eru samin í. Þó henti það á 19. öldinni að númeruð röð var á skjön við tímaröðina og er um að kenna tíðari nótnaútgáfu og markaðssetningu nótna. Því hafa sum tónverk tónskálda hlotið „ranga“ raðtölu og má í því samhengi nefna fyrstu tvo píanókonserta Beethovens og píanókonserta Chopins en í báðum tilfellum er fyrsti konsertinn í raun annar í röðinni. Sama máli gegnir um sinfóniur Felix Mendelssohn (1809-1847) en röð þeirra flestra endurspeglar ekki þá tímaröð sem þær voru samdar í. Þriðja sinfónía Mendelssohns, *Skoska sinfónían*, er í raun hans síðasta sinfónía af fimm.

Þrátt fyrir að *Skoska sinfónían* sé sú síðasta af þeim sem Mendelssohn samdi og hann hafi ekki lokið við smíði hennar fyrr en árið 1842 á hún sér nokkuð langan aðdraganda. Það tíðkaðist á hefðarheimilum að senda unga pílta í ferðalög til þess að gera þá fullnuma, víkka sjóndeildarhringinn og kynnst menningu og siðum annara landa af eigin raun. Mendelssohn var fæddur inn í fjölskyldu broddborgara og hafði hlotið góða menntun. Hann var afbragðs píanóleikari og efnilegt tónskáld og var í raun undrabarn á sviði tónlistar.

Árið 1829 hélt Mendelssohn í ferðalag til Englands, Ungverjaland, Ítalíu og Suður-Þýskalands. Á Englandi kom hann fram sem píanóleikari og hljómsveitarstjóri og vakti stormandi lukku. Mendelssohn fetaði um margt í fótspor landa síns Georgs Friedrichs Händel, þó ekki hafi hann ílengst á Bretlandseyjum. Meðal þess sem vakti athygli á Mendelssohn var flutningur hans á *Keisarakonsert* Beethovens, þar sem hann lék einleikshlutverkið utan bókar en slíkt var allt að því óþekkt í þá daga.

Á meðan dvölinni á Bretlandseyjum stóð fór Mendelssohn til Skotlands og heimsótti meðal annars Holyrood kastalann í nágrenni Edinborgar. Heimsóknin hafði mikil áhrif á hann og ritaði hann í bréfi til fjölskyldu sinnar þann 30. júlí 1829;

„Í kvöldhúminu heimsóttum við höllina þar sem María drottning bjó... Þakið var hrunið, gras og klifurjurtir uxu um allt og þarna mátti sjá brotið altari þar sem María var krýnd drottning Skotlands. Allt er hrörlegt og úr sér gengið, þakið hrunið svo sjá má upp í heiðan himininn... Ég held ég hafi fundið upphafið að *Skosku sinfóníunni* minni.”

Fullyrðing Mendelssohns um innblástur að *Skosku sinfóníunni* verður ekki dregin í efa því fyrstu drögin að henni eru dagsett þennan umrædda dag.

Þó fór það svo að áframhaldandi ferðalag hans til Ítalíu og Ungverjalands virtist tefja verkið þó hann hafi unnið að því um skeið. Segja má að þau áhrif sem hann varð fyrir á suðrænum slóðum hafi orðið skosku áhrifunum yfirsterkari því áður en *Skoska sinfónían* leit dagsins ljós lauk Mendelssohn við þá fjórðu sem jafnan er nefnd *Ítalska sinfónían*.

Skoska sinfónían beið því í áratug eftir því að verða fullklárað verk og í millitíðinni lauk Mendelssohn við fjölmörg tónverka sinna, meðal annars óratóriuna *Paulus*, tvo píanókonserta og þrjár sinfóníur. Því má vel halda því fram að biðin eftir þeirri skosku hafi gert það að verkum að hún er þroskaðra verk fyrir vikið enda er hún af mörgum talin hans besta og metnaðarfullsta sinfónía. Mendelssohn stýrði frumflutningi verksins árið 1842 í Leipzig þar sem hann gegndi stöðu tónlistarstjóra og var því afar vel tekið. *Skoska sinfónían* var einnig flutt í Lundúnum að sumri til sama ár og vakti gríðarlega lukku og varð velgengnin til þess að Mendelssohn tileinkaði verkið Viktoríu drottningu Bretlands.

Það skal engan undra að *Skoska sinfónían* hafi hlotið góðar viðtökur enda er hún áhrifamikil og þroskað verk tónskálds sem hefur afar góð tök á hinu sinfóníska formi, kaflarnir eru innbyrðis tengdir og renna saman í afar sterka heild.

Helgi Jónsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Skoska sinfónía Mendelssohns var frumflutt á Íslandi af Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1959. Síðan þá hafa eftirfarandi hljómsveitarstjórar haldið um tónsprotann hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands: Jindrich Rochan (1962), Paul Zukofsky (1978), Guðmundur Emilsson (1983), Edward Serov (1993), Rico Saccani (1999) og Kirill Karabits (2009).

Fünf Gedichte für eine Frauenstimme mit Pianoforte-Begleitung

1. Der Engel

In der Kindheit frühen Tagen
Hört' ich oft von Engeln sagen,
Die des Himmels hehre Wonne
Tauschen mit der Erdensonne,

Daß, wo bang ein Herz in Sorgen
Schmachtet vor der Welt verborgen,
Daß, wo still es will verbluten,
Und vergehn in Tränenfluten,

Daß, wo brünstig sein Gebet
Einzig um Erlösung fleht,
Da der Engel niederschwebt,
Und es sanft gen Himmel hebt.

Ja, es stieg auch mir ein Engel nieder,
Und auf leuchtendem Gefieder
Führt er ferne jedem Schmerz,
Meinen Geist nun himmelwärts!

2. Stehe still!

Sausendes, brausendes Rad der Zeit,
Messer du der Ewigkeit;
Leuchtende Sphären im weiten All,
Die ihr umringt den Weltenball;
Urewige Schöpfung, halte doch ein,
Genug des Werdens, laß mich sein!

Halte an dich, zeugende Kraft,
Urgedanke, der ewig schafft!
Hemmet den Atem, stilltet den Drang,
Schweiget nur eine Sekunde lang!
Schwellende Pulse, fesselt den Schlag;
Ende, des Wollens ew'ger Tag!

Daß in selig süßem Vergessen
Ich mög' alle Wonnen ermessen!
Wenn Aug' in Auge wonnig trinken,
Seele ganz in Seele versinken;
Wesen in Wesen sich wieder findet,

Fimm kvæði fyrir kvenrödd með píanómeðleik

1. Engillinn

Á öndverðum bernskudögum
heyrði ég oft talað um engla
sem yfirgefa dýrðlega himnasælu
fyrir sólu þessarar jarðar,

svo að þá geti, hvar sem hjarta þjáist
af kvöl og þrá, hulið veröldinni,
þar sem því ætlar að blæða út
og það tortímast í táraflóði,

svo að þá, þar sem það grátbænir
aðeins um eitt, — endurlausn,
geti engillinn svifið niður til jarðar
og lyft því mjúklega til himins.

Já, það steig einnig engill niður til mín,
og á ljómandi vængjum
ber hann nú anda minn burt
frá öllum sársauka til himna.

2. Nem staðar!

Þjótandi, hvínandi hjól tímans,
þú sem mælir eilífðina;
þið ljómandi hnettir í alheimsgeimi
sem umkringið jarðarhvelið;
æverandi sköpunarverk, nem staðar,
nóg er um verðandi, lát mig í friði!

Haf þig í skefjum, mótandi kraftur,
frumhugsun, sem skapar að eilífu!
Haltu andanum, svalaðu þránni,
hljóðnaðu aðeins eitt andartak!
Svellandi lífæðar, hemjið slögin,
endaðu, eilífi dagur viljans!

Svo að ég megi í ljúfu algleymi
skynja gjörvalla fagnaðarsælu!
Þegar sál sökkvirk sér gjörsamlega í sálu
er þær drekka unaðssælar augliti til auglitis;
eðlismót finnur sjálft sig í eðlismóti,

Und alles Hoffens Ende sich kündet;
Die Lippe verstummt in staunendem Schweigen,
Keinen Wunsch mehr will das Inn're zeugen; –
Erkennt der Mensch des Ew'gen Spur,
Und löst dein Rätsel, heil'ge Natur!

3. Im Treibhaus

(Studie zu Tristan und Isolde)

Hochgewölbte Blätterkronen,
Baldachine von Smaragd,
Kinder ihr aus fernen Zonen,
Saget mir warum ihr klagt?

Schweigend neiget ihr die Zweige,
Malet Zeichen in die Luft,
Und der Leiden stummer Zeuge
Steiget aufwärts, süßer Duft.

Weit in sehndem Verlangen
Breitet ihr die Arme aus,
Und umschlinget wahnbefangen
Öder Leere nicht'gen Graus.

Wohl, ich weiß es, arme Pflanze:
Ein Geschicke teilen wir,
Ob umstrahlt von Licht und Glanze,
Unsre Heimat ist nicht hier!

Und wie froh die Sonne scheidet
Von des Tages leerem Schein,
Hüllet der, der wahrhaft leidet,
Sich in Schweigens Dunkel ein.

Stille wird's; ein säuselnd Weben
Füllet bang den dunklen Raum:
Schwere Tropfen seh' ich schweben
An der Blätter grünem Saum.

4. Schmerzen

Sonne, weinest jeden Abend
Dir die schönen Augen rot,
Wenn im Meeresspiegel badend
Dich erreicht der frühe Tod;

og lokastund allrar vonar boðar komu sína;
varirnar hljóðna í agndofa þögn,
og hið innra á sér engar óskir framar; –
þá ber manneskjan kennsl á teikn eilífðarinnar
og ræður gátu þína, heilaga náttúra!

3. Í gróðurhúsinu

(Frumdrög að Tristan og Isolde)

Háhvelfdi blaðkrónur,
smaraðsgræni tjaldhiminn,
þið afsprengi fjarlæggra jarðbelta,
segið mér hvers vegna þið syrgið?

Þegjandi beygið þið greinar ykkar,
myndið teikn í loftinu,
og þögult vitni þjáninganna,
ljúfur ilmur, líður upp á við.

Í löngunarfullri þrá
breiðið þið út armana
og faðmið vitstola að ykkur
staðlausan hrylling auðnar og tóms.

Ég þekki það vel, vesalings jurt,
örlög okkar eru ein og söm,
þótt við séum umlukin birtu og ljóma
eru áthagar okkar ekki hér.

Og hversu glaðlega sem sólin segir skilið
við tómlegt skin dagsins
þá hjúpar sá sem að sönnu þjáist
sig í þagnarmyrkur.

Það hljóðnar; hvínandi gnauð
fyllir dimman salinn af beyg:
ég sé þunga dropa svifa
á grænum jaðri laufblaðanna.

4. Sársauki

Sól, á sérhverju kvöldi
grætur þú fögur augu þín rauð,
þegar þú deyrð fyrir aldur fram
baðandi í spegilsléttum haffleti;

Doch ersteh'st in aller Pracht,
Glorie der düstren Welt,
Du am Morgen neu erwacht,
Wie ein stolzer Siegesheld!

Ach, wie sollte ich da klagen,
Wie, mein Herz, so schwer dich sehn,
Muß die Sonne selbst verzagen,
Muß die Sonne untergehn?

Und gebietet Tod nur Leben,
Geben Schmerzen Wonnen nur:
O wie dank' ich, daß gegeben
Solche Schmerzen mir Natur!

5. Träume

(Studie zu Tristan und Isolde)

Sag', welch wunderbare Träume
Halten meinen Sinn umfassen,
Daß sie nicht wie leere Schäume
Sind in ödes Nichts vergangen?

Träume, die in jeder Stunde,
Jedem Tage schöner blüh'n,
Und mit ihrer Himmelskunde
Selig durch's Gemüte ziehn!

Träume, die wie hehre Strahlen
In die Seele sich versenken,
Dort ein ewig Bild zu malen:
Allvergessen, Eingedenken!

Träume, wie wenn Frühlingssonne
Aus dem Schnee die Blüten küßt,
Daß zu nie geahnter Wonne
Sie der neue Tag begrüßt,

Daß sie wachsen, daß sie blühen,
Träumend spenden ihren Duft,
Sanft an deiner Brust verglühn,
Und dann sinken in die Gruft.

Mathilde Wesendonck

en samt ríst þú í allri dýrð þinni,
dásemd þessa myrka heims,
nývöknuð að morgni
eins og hnarreist sigurhetja!

Æ, hvernig gæti ég þá volað,
hvernig má hjarta mitt vera svona þungt,
ef sólin sjálf verður að láta bugast,
ef sólin verður að slokkna?

Ef dauðinn elur af sér nýtt líf,
ef sársauki getur aðeins af sér sælu:
Ó hve ég þakka þá að náttúran
hefur gefið mér þvílíkan sársauka!

5. Draumar

(Frumdrög að Tristan og Isolde)

Seg mér, hve undurfagrir draumar
halda hug mínum svo föngnum,
að þeir hverfa ekki sem innantómt hjóm
inn í eyðilegt tómið?

Draumar, sem með hverri stundu
og hverjum degi blómstra fagurlegar,
sem líða með himinboðskap sinn
í sælu gegnum hugann!

Draumar sem sökkva í sálina
eins og háleitir geislar,
og mála þar eilífa mynd:
Algleymi, innlifun!

Draumar eins og þegar vorsólin
kysir blómin upp úr snjónum,
svo að dagurinn heilsar þeim
og býður til ófyrirséðrar sælu,

svo að þau vaxa og blómgast
og gefa frá sér angan,
glóa ljúflega við brjóst þitt
og sökkva síðan í gróf.

Reynir Axelsson þýddi

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

5. apríl 2013

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Júliana Elin Kjartansdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rut Ingólfssdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FÍÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard
Þórdís Stross
Gunnhildur Daðadóttir
Mark Reedman
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Auður Ingvadóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Leni Mäckle
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinnsson

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf



ENNEMM / SJIA / NM54421

Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS